**22** Beiðni frá ábúanda Reykjahlíðar, Pjetri bónda Jónssyni, um hækkun á fylgdarkaupi yfir Mývatnsfjöll að ferjustaðnum á Jökulsá, var vísað til sýslunefndarinnar í Þingeyjarsýslu.

Þá framlagði forseti greinilegar skýrslur frá báðum sýslumönnunum í Múlasýslunum um hið voðalega tilfelli, er að bar annan dag páska á þessu vori, þegar öskulag fjell yfir mikinn hluta austurlands. Amtsráðið tók þetta mikla vandræðamál til ítarlegrar íhugunar, og eptir að hafa skoðað það frá sem flestum hliðum, komst ráðið til þeirrar niðurstöðu, að jafnvel þó vænta megi, að alþýða manna í öllum þeim hjeruðum landsins, sem forsjónin hefir hlíft við þessari eyðileggingu, muni af fúsum og frjálsum vilja rjetta sínum nauðlíðandi brœðrum hjálparhönd, eptir því sem efni og kringumstæður leyfa, þá óttaðist samt amtsráðið, að neyðin á austurlandi mundi verða svo mikil, að hið opinbera hlyti að skerast í málið og láta Múlasýslubúum í tje þann styrk, sem það megnar. En þar sem amtsráðinu var það fyllilega ljóst, að enginn sjóður er til í norður og austuramtinu, er sje fœr um að veita svo mikinn styrk, er að haldi geti komið, þá áleit það óhjásneiðanlegt að snúa sjer til alþingis, og fara þess á leit, að þingið veiti að minnsta kosti 30,000 krónur af landssjóði á næsta fjárhagstímabili, til þess að afstýra neyð þeirri, er vofir yfir Múlasýslubúum, og að fje þetta verði til taks í tœkan tíma, og því reglulega útbýtt til þeirra, sem mest þarfnast hjálpar. Tókst forseti á hendur að búa mál þetta til alþingis.

Sýslunefnd Þingeyinga hafði ráðið að útvega vatnsveitingamann á þessu sumri til að standa fyrir vatnsveitingum þar í sýslu; hafði hún sótt um að fá af búnaðarsjóði amtsins styrk til ferðakostnaðar handa manni þessum, og gaf amtsráðið von um styrk þenna, þegar maðurinn væri fenginn.

Að síðustu var tekið til umrœðu ásigkomulag amtsbókasafnsins á Akureyri. Var ályktað að útvega því betri húsakynni, en það hefir haft, og leita styrks hjá alþingi handa safninu, svo betra lag gæti komizt á það. Á síðustu árum hefir safnið mjög fáar bœkur getað eignazt fyrir fátœktar sakir, nema hvað það nýlega hefir fengið álitlegar bókasendingar frá Vesturálfu.

Fleiri mál urðu eigi rœdd á þessum fundi amtsráðsins.

## B.

**23** *Fundur amtsráðs norður- og austurumdœmisins á Akureyri 27.—29 júní 1876.*

Á fundinum var forseti ráðsins, amtmaður Chr. Christjánsson, amtsráðsmaður Einar Ásmundsson og vara-amtsráðsmaður Stefán umboðsmaður Jónsson á Steinsstöðum, er mœtti í fjærveru amtsráðsmanns Jóns Sigurðssonar.

Forseti gat þess, að hann hefði áformað að kalla amtsráðið saman á næstliðnum vetri, einkanlega til að gjöra áætlun um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðsins, en þetta hafði þó af ýmsum orsökum ekki getað komizt á; hafði því forseti í þetta sinn, fyrir hönd amtsráðsins, gjört áætlunina og jafnað niður til sjóðsins 20 aurum á hvert lausafjárhundrað í amtinu. Samþykkti nú amtsráðið þessa ráðstöfun.

Þá voru yfirskoðaðir þeir reikningar, sem komnir voru til amtsráðsins yfir tekjur og gjöld sýslusjóðanna í umdœminu, en það voru reikningarnir úr Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suðurmúlasýslu. Voru gjörðar ýmsar athugasemdir við suma af reikningum þessum, einkum með tilliti til þess, að sumar sýslunefndir höfðu fœrt sýslusjóðnum til útgjalda ýmislegt, sem amtsráðið áleit vanta lagaheimild til, og sumar á hinn bóginn undan fellt að jafna gjaldinu til sjóðanna á öll fasteignar- og

lausafjárhundruð afdráttarlaust. Var nú sýslunefndunum boðið að leiðrjetta þessar og 23
þvílíkar misfellur í næstu reikningum. Sömuleiðis var afráðið, að áminna þá sýslumenn, sem ekki höfðu enn þá sent sýslusjóðsreikningana, að senda þá hið allrafyrsta.

Því næst voru yfirfarin endurrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu og gjörðar við sumar þeirra athugasemdir, er einkum voru sprottnar af því, að sumar sýslunefndirnar höfðu undanfellt að gjöra reglulegar áætlanir um tekjur og gjöld sýslusjóðanna á yfirstandanda ári.

Hinn setti læknir í Þingeyjarsýslu, Júlíus Halldórsson, hafði beiðzt að fá 150 króna þóknun af jafnaðarsjóði amtsins til viðbótar við styrk þann, er hann fjekk af landssjóði til ferðarinnar úr Reykjavík norður í Þingeyjarsýslu haustið 1874. Voru nú lækninum veittar 50 krónur í þessu skyni.

Enn fremur voru veittar 100 krónur af jafnaðarsjóðnum til kennslustyrks handa heyrnarlausri og málausri stúlku, Önnu Sigríði Magnúsdóttur, frá Skeggjastöðum í Jökuldal.

Þá var rætt um kostnaðinn við vörð þann, er settur var um sumarið 1875 við Hvítá í Borgarfirði á sameiginlegan kostnað norður- og austuramtsins og vesturamtsins til að verjast útbreiðslu fjárkláðans til þessara umdæma. Skjöl og reikningar, er forseti fram lagði í þessu máli, sýndu, að allur varðkostnaðurinn var samtals 17,445 kr. 70 aur. Af þessu bar jafnaðarsjóðunum fyrir norðan og vestan að borga helminginn, eður 8,722 kr. 85 aura. Nú höfðu lausafjárhundruðin haustið 1875 verið hjer í amtinu 30,218½, en í vesturamtinu 11,322½, og þegar helmingi varðkostnaðarins var skipt niður á báða jafnaðarsjóðina eptir þessari tiltölu, komu á jafnaðarsjóð norður- og austuramtsins 6,345 kr. 33 aur. Samþykkti amtsráðið, að þetta fje væri greitt úr sjóðnum. En hinum helmingi varðkostnaðarins jafna amtmennirnir á fjáreigendur í þeim sýslum beggja amtanna, sem einkum og beinlínis átti að tryggja með verðinum.

Fleiri málum varð eigi ráðið til lykta á þessum fundi, með því ýmsar tillögur vantaði frá sumum sýslunefndunum, og ýmsa reikninga frá sumum sýslumönnunum.

## C.

*Fundur amtsráðs norður- og austurumdæmisins á Akureyri 19. og 20. sept. 1876.* 24

Á fundinum voru amtmaður Chr. Christjánsson sem forseti, og amtsráðsmennirnir Einar Ásmundsson og Jón Sigurðsson.

Voru þar fyrir tekin þessi mál:

1. Rannsakaðir sýslusjóðsreikningar fyrir árið 1875 úr Þingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu, er vantað hafði, þá er síðasti amtsráðsfundur var haldinn.
2. Samdi amtsráðið eptir fyrirmælum landshöfðingja tillögur um það, hverjir vegir skyldu vera fjallvegir í norður- og austuramtinu eptir lögum 15. október 1875, og tiltók ráðið þá vegi, sem hjer eru taldir.

A. Fjallvegir milli landsfjórðunga:

1. Sprengisandsvegur.
2. Vatnahjallavegur,
3. Stórasandsvegur.
3. Grímstungnaheiðarvegur.

B. Fjallvegir milli sýslna:

1. Lónsheiði, milli Álptafjarðar í Suðurmúlasýslu og Lóns í Skaptafellssýslu.

Hinn 14. apríl 1877.

Reykjavík 1877. Einar Þórðarson.